



**Sambandstjórnarfundur RSÍ
haldinn 20. til 21. apríl 2001 á ð Flúðum.**

Fundur settur kl. 19.30
Þingsetning og látinna félaga minnst.
Skýrsla stjórnar sambandsins lögð fram og skýrð af formanni.

Jón Árni Rúnarsson fór yfir starfsemi menntastofnana
rafiðnaðarmanna.

Rúnar Bachmann lagði fram reikninga sambandsins fyrir árið.
Samþykkt að vísa reikningunum til 15. þings RSÍ, með fyrirvara
um endurskoðun löggiltra endurskoðenda.

Tillaga um að senda sjómönnum baráttukveðjur ásamt tveggja
milljóna króna styrk úr verkfallsjóði var samþykkt samhljóða.

Fundarhlé kl. 22:30

Fundi fram haldið kl 9:30 þann 21. apríl

Rúnar Bachmann lagði fram rekstraráætlanir fyrir árið 2001 og
skýrði.

Fundurinn samþykkti án atkvæðagreiðslu að 14% framlag til
vinnudeilusjóðs renni til Orlofssjóðs vegna ársins 2001

Björn Ágúst Sigurjónsson kynnti þær framkvæmdir sem eru í
orlofskerfinu, sagði frá punktakerfinu og hvernig það hafi virkað í
vetur til að tryggja forgang félagsmanna. Einnig kom fram hjá
honum að enn syrtir í álinn hvað varðar þrif á húsunum og ef
þessu linnir ekki verður að hækka leigu verulega, til þess að
standa undir kostnaði við þrif.

Þór Ottesen kynnti breytingar á ákvæðisvinnugrundvelli og
ástæður fyrir sérstakri hækkun ákvæðisvinnunar.

Sigurður Geirsson sagði frá námskeiðahaldi Rafiðnaðarskólans á
síðasta ári.

Ísleifur Jakobsson kynnti starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Frá ASÍ komu Halldór Björnsson og Magnús Nordal lögfræðingur
vegna spurninga okkar til ASÍ vegna FÍS og annara aðildarféлага.
Í máli Halldórs kom fram að nánast ekkert hefur gerst málefnum
FÍS innan ASÍ. Laganefnd hefur ekki gengið frá málinu af ótta við
aðgerðir af hálfu VR og/eða okkar ef úrskurður félli okkur í óhag.
Halldór telur einu leiðina út úr þessu vera þá að RSÍ og VR gerðu
með sér samstarfssamning.

Magnús telur að ekkert hafi breyst til batnaðar hjá ASÍ til að taka á
slíkum málum eftir lagabreytingar á síðasta þingi þar sem
gerðardómsákvæði var fellt út úr þeim lögum. Þá mátti skilja
Magnús þannig að ekkert lagalegt skilyrði væri fyrir hendi til að
meina FÍS inngöngu í ASÍ.

Frá fundarmönnum komu skýr skilaboð um að forysta ASÍ verði að
fara að taka á málum, því með þessum vinnubrögðum flytum við
sofandi að feigðarósi. Einnig var ASÍ mönnum bent á það að ef
einhver dugur væri í mönnum þar innan dyra væru þeir annað
hvort flæmdir í burtu eða sagt beint að hypja sig. Nú er kominn tími
uppgjors, betra er lítið samband sem getur eitthvað en sofandi

þurs.

Þá komu fram sjónarmið um að engu yrði bjargað héðan af og einnig að yngra fólkið í félagunum krefðist úrsagnar úr ASÍ. Spurningum sem beint var til ASÍ manna út frá þessu t.d. hvort félag innan RSÍ gætu sagt sig úr ASÍ en verið áfram í RSÍ og ef ekki hvernig félli FÍŚ inn í þá mynd. Svör við þessum spurningum komu ekki.

Örn Gústafsson kynnti nokkra hóprýggingapakka og skýrði frá slíkum hóprýggingum í Svíþjóð.

Í framhaldi af kynningu samþykkti fundurinn eftirfarandi.

Sambandstjórnarfundur RSÍ haldinn að Flúðum 20. – 21. apríl 2001 samþykkir að fela miðstjórn sambandsins að kanna hvort hagkvæmt sé að kaupa hóprýggingar fyrir félagsmenn, sem komi í stað réttinda sem félagsmenn njóta nú í styrktarsjóði RSÍ eða auki þau. Verði niðurstaðan hagstæð heimilar sambandsstjórn RSÍ miðstjórn að nota hluta af innkomu styrktarsjóðsins til þess að greiða iðgjald viðkomandi hóprýggingar.

Friðjón Rúnar Sigurðsson framkv.stj. og Þórir Hermannsson stjórnarformaður kynntu starfsemi Lífiðnar og þær breytingar á reglugerðum sjóðsins sem lagðar verða til, sennilega á aukaársþingi í haust. Þær eru helstar að tekið verði upp aldurstengt réttindaávinnslukerfi.

Fundurinn hvatti okkar stjórnarmenn til að halda þessu starfi áfram. Jafnframt beinir fundurinn þeim tilmælum til ársfundarfulltrúa að fylgja þessu eftir.

Kjör fulltrúa í stjórn Lífiðnar. Þórir Hermannsson sem aðalmaður og Erlingur Tómasson sen varamaður voru einróma endurkjörnir.

Önnur mál.

Haraldur Jónsson sagði frá ráðstefnu ASÍ um velferðarmál en hann situr í velferðarnefnd ASÍ. Velferðarnefndin hefur heyrt af tillögum ríkistjórnarinnar sem lagðar verða fyrir þing en telur að ekki sé um miklar breytingar að ræða. Haraldur benti mönnum á að lesa skýrslu nefndarinnar og benti sérstaklega á niðurstöðu Joakim Palme um að hættulegt sé að nota þau fátækragildi sem notuð eru hér, með of miklum tekjutengingum, þetta grefur undan velferðarkerfum.

Fram kom áskorun um að endurskoða ákvörðun um punktafrádrátt fyrir vetrarleigu, en sú endurskoðun var ákveðin við breytinguna í fyrra og fer fram í haust.

Fundi slitið kl. 17:30,
Haukur Ágústsson.